

Fundargerð 367. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2014, miðvikudaginn 3. september kl. 16:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Grenivík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Skúli Þórðarson, Steinþór Pétursson, Guðmundur Kristjánsson, Björn Arnaldsson og Svanfríður Inga Jónasdóttir.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson fundarritari og Ingibjörg Hinriksdóttir tækni- og upplýsingafullt.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórnarfundir hafnasambandsins 2014 - 1311085HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 366. fundar frá 15. ágúst 2014.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Fjárhagsáætlun Hafnasambands Íslands 2015-2016 - 1408006HA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árin 2015 og 2016 ásamt tillögu að árgjöldum aðildarhafnanna sömu ár.

Samþykkt að leggja fram á hafnasambandsþinginu fjárhagsáætlun fyrir árin 2015 og 2016 ásamt tillögu að árgjöldum fyrir sömu ár.

3. Hafnasambandsþing 2014 - 1312035HA

Rætt um undirbúning og framkvæmd hafnasambandsþings 2014.

Dagskrá hafnasambandsþingsins var samþykkt ásamt tillögu um Svanfríði Ingu Jónasdóttur og Guðnýju Sverrisdóttur sem forseta þingsins og Kristinn J. Reimarsson sem þingritara. Einnig voru tillögur að ályktunum fyrir hafnasambandsþingið lagðar fram til kynningar.

4. Hafnafundur 2015 og hafnasambandsþing 2016 - 1311085HA

Rætt um staðsetningu hafnafundar 2015 og hafnasambandsþings 2016.

Samþykkt að halda næsta hafnafund í Hafnarfirði og næsta hafnasambandsþing á Ísafirði.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Svanfríður Inga Jónasdóttir og Skúli Þórðarson, sem

sátu sinn seinasta stjórnarfund, þökkðu stjórn hafnasambandsins fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum og óskuðu stjórninni velfarnaðar í störfum sínum. Stjórnarmenn hafnasambandsins þökkuðum þeim fyrir ánægjulegt samstarf.

Fundi var slitið kl. 17:30

Gísli Gíslason

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Skúli Þórðarson

Steinþór Pétursson

Guðmundur Kristjánsson

Björn Arnaldsson

Svanfríður Inga Jónasdóttir

Valur Rafn Halldórsson

